

Veturinn 2021-2022 á Trölladeild

Á Trölladeild eru 19 börn, 13 börn fædd árið 2019 og 6 árið 2020. Starfsmenn á deildinni eru 6. Þegar börnin mæta á Trölladeild fara þau í frjálstan leik, flæðandi morgunmatur hefst klukkan 8:15 og lýkur honum klukkan 9 en þá hefst hópavinna og lýkur henni kl. 11. Hver umsjónarkennari sinnir sínum hóp á þessum tíma, og skiptast kennarar á að nýta sér svæði deildarinnar, útisvæðið, listaland og salinn í þessum stundum. Að hópavinnu lokinni hefst samverustund, eldri börnin eru í tveimur hópum, hver hópur með sínum umsjónarkennara, yngri börnin eru í einni samveru með sínum umsjónarkennurum. Í Samverustundum er lögð áhersla á að efla málþroska, rím, hrynjand með lestri og söng.

Klukkan 11:15 er hádegismatur og að honum loknum tekur við hvíld til klukkan 14:00. Þau börn sem sofa stutt eru í frjálsum leik á meðan hin börnin sofa. Klukkan 14 er samverustund þar sem öll börnin eru saman, kennarar skiptast á að stýra stundinni, áherslan er sú sama og í samveru fyrir hádegi. Nónhressing hefst um að samveru lokinni, því næst fara börnin í frjálstan leik og bleyjuskipti, dagurinn á Trölladeild endar svo á útiveru, ef veður leyfir.

Lífsleikni mun sem áður verða rauður þráður í öllu starfinu. Í vetur leggjum við áherslu á þrjár dygðir, Vinsemd, Hjálpsemi og Ábyrgð.

SMT-skólafærni er á sínum stað. Kennarar notast við SMT-orðræðuna í leik og starfi með börnunum. Við leggjum áherslu á fjórar af átta reglum skólans og leggjum þær inn á vorönn hjá eldri árgangi deildarinnar. Börnin á Trölladeild safna SMT-Brosum á SMT-orminn og þegar hann hefur verið fylltur höldum við Sólargleði.

Hópar og Hugarró

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga fara börnin í hópavinnu. Börnunum er skipt í fjóra hópa og á hver hópur sinn umsjónarkennara. Umsjónarkennarar yngri árgangsins vinna mikið saman sem teymi en umsjónarkennarar eldri árgangsins vinna hvort tveggja, sundur og saman.

Unnið er með eftirfaranda þætti í hópavinnu: tónlist, fínhyfingar, málrækt og könnunarleikinn. Inn í þetta starf fléttast svo allir grunnþættir menntunar þ.e. sjálfbærni og

vísindi, sköpun og menning, læsi og samskipti og heilbrigði og vellíðan. Í vetur ætlum við að leggja áherslu á tilfinningar.

Ýmis kennslugögn eru notuð í hópavinnunni s.s. Bókin Lubbi finnur málbein, bókin Trommur og töfrateppi, hljóðfæri, ýmis spil, kennsluefnið Sögugrunnurinn, ýmis verkefni úr sérkennsluherberginu, tilbúin fínhreyfiverkefni, leir, púsluspil, pinnar, ýmsar gerðir af kubbum og perlur og margt fleira. Í könnunarleiknum notum við verðlaust efni sem deildin hefur safnað saman. Þar ræður hugmyndaflugið ríkjum og sköpunargáfa barnanna fær að njóta sín. Í þessu starfi fléttast svo dygðirnar sem verið er að vinna með. Í upphafi hvers hópatíma byrja börnin á að gera öndunaræfingar og svo syngjum við um málbein vikunnar (Lubbi). Einnig fær frjáls leikur pláss í hópavinnunni því í honum verður mikill þroski og lærdómur hjá ungum börnum.

Umsjónakennarar flétta fyrri útiveru dagsins inn í hópastarfið sitt.

Hreyfing:

Í skiplagðri hreyfistund með kennara sínu gefst tækifæri til að efla grófhreyfingar barnanna. Leikskólinn á þó nokkuð af íþróttaleiktækjum, s.s. jafnvægisslá og diska, trampólín, skriðbretti, slár til að hoppa yfir, hringi, bolta, keilur, dýnur og margt fleira.

Sérkennsla

Á Trölladeild er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun. Við viljum byrja strax að vinna með þau börn sem á einhvern hátt ná ekki að fylgja jafnöldrum sínum eftir í þroska.